



Bættur námsárangur á Austurlandi

6. bekkur LOGOS – Skimun í lestri

2. – 13. október 2017

Til skólastjórnenda, deildarstjóra sérkennslu og viðkomandi umsjónarkennara.

Áfram höldum við með verkefnið okkar Bættur námsárangur á Austurlandi. Nú er komið að skimun fyrir lestrarerfiðleikum.

Skimun eftir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 6. bekk verður lögð fyrir í skólunum í október. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir.

Í **lestri** verður skimað með ákveðnum hlutum prófins Logos¹ fyrir nemendur.

Athugaður verður:

Leshraði - lestrarnákvæmni

Lesskilningur

Stafsetning

Lestur með hljóðaáferð og lestur út frá rithætti er aðeins prófað hjá þeim nemendum sem eru undir 30. hundraðsröð í leshraða.

Niðurstöður skimunar **sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra** í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Snúa



¹ Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

Niðurstöðum skimananna verður skilað til skólastjóra, umsjónarkennara og sérkennara á sérstökum fundi, þar verða einnig ígrundaðar leiðir til að vinna með þá nemendur sem koma illa út úr skimuninni. Í framhaldi af fundinum fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri og stafsetningu.

Sýni nemendur slakan árangur eða undir 30. hundraðsröð í leshraða eða lesskilningi er mælt með fyrirlögn alls Logosprófsins. **Senda verður Skólaskrifstofu Austurlands beiðni um það undirritaða af foreldrum og skólastjóra.**

Gátlisti

Þar sem um er að ræða bæði hóp- og einstaklingsskimanir er mjög mikilvægt að stjórnendur og/eða viðkomandi umsjónarkennarar undirbúi heimsókn kennsluráðgjafa vel. Því biðjum við ykkur að hafa í huga eftirfarandi **gátlista**.

- ✓ Dagsetningu heimsóknar (Athugið að í stærri skólum eru tveir - þrír dagar teknir í skimanir).
- ✓ Skólastjórnendur sendi foreldrabréf (varðandi skimanirnar) til foreldra. Bréfin eru meðfylgjandi.
- ✓ Nafnalisti með **fæðingardegi** og **heimilisfangi** nemenda tilbúinn.
- ✓ Aðgangur að stundaskrá og stofutöflu viðkomandi bekkjar.
- ✓ Ritari viðkomandi skóla verði settur inn í málin og aðstoði kennsluráðgjafa við „að sækja nemendur“, ef þess þarf.
- ✓ Ræða við nemendur um mikilvægi þess að mæta í skólann viðkomandi dag.
- ✓ Stafsetningarhlutinn er lagður fyrir allan nemendur í einu (20 – 25 mínútur).
Mikilvægt er að kennsluráðgjafi geti lagt þann hluta fyrir í **byrjun skimunar**. Því er biðlað til ykkar um að gera undanþágu ef hópurinn er t.d. tvískiptur og/eða í verklegum greinum.
- ✓ Búið verði að raða borðum „einstaklingslega“ (í heimastofu) daginn áður, svo að stafsetningarhlutinn taki sem minnsta tíma.

- ✓ Aðstaða fyrir kennsluráðgjafa til að leggja fyrir einstaklingsskimunina (í LOGOS) verði til staðar. Í stærri skólunum koma stundum tveir kennsluráðgjafar og því þarf tvær stofur í þeim tilvikum.
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir frímínútum eða löngum matartímum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að ljúka við skimanir í hverjum skóla samkvæmt skipulagi því verður unnið að skimunum eins lengi og hægt er fram á skóladaginn.
- ✓ Í flestum tilvikum byrja skimanir kl. 8:00. Haft verður samband við skólastjórnendur þeirra skóla þar sem annað verður ákveðið.

Með bestu kveðju
Jarþrúður Ólafsdóttir
Björg Þorvaldsdóttir
Kennsluráðgjafar
Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4 - 740 Reyðarfirði
Sími: 4705050
jarth@skolaust.is
bjorg@skolaust.is